

Ályktanir 42. þings BSRB 2009



FRAMTÍÐ

byggð á jöfnuði, atvinnu, velferð og réttlæti





Efnisyfirlit

Framkvæmdanefnd

Efnahagsmál	2
Atvinnumál	4
Kjaramál	7
Umhverfismál	10
Innri mál BSRB	11

Jafnréttisnefnd

Jafnréttismál	12
Mansal	14

Heilbrigðis- og velferðarhópur

Opinber almannaþjónusta	15
Nýsköpun í almannaþjónustu	17
Félagsmál	18

Fræðslunefnd

Fræðslumál	22
------------------	----

Lífeyrishópur BSRB

Lífeyrismál	24
-------------------	----

Alþjóðahópur

Alþjóðamál	26
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn	28



Efnahagsmál

Alyktanun 42. þings BSRB • 21.–23. október 2009

Almannaþjónusta er undirstaða samfélagsins, forsenda framfara og uppbyggingar atvinnulífsins. Allir eiga að hafa jafnan og öruggan aðgang að allri almannaðjónustu. Það er grundvallaratriði að svo verði áfram. Almannaðjónustuna ber að reka á samfélagslegum grunni af opinberum aðilum þar sem allir eiga jafnan rétt, óháð efnahag. Reynsla þeirra þjóða sem hafa einkavætt stofnaþjónustu samfélagsins, þar á meðal heilbrigðisþjónustu og veitukerfi, er að hún hefur reynst dýrari og óhagkvæmari.

Í kjölfar hrunsins í íslensku efnahagslífi á síðasta ári gengur þjóðin nú í gegnum eitt mesta samdráttarskeið í sögu lýðveldisins. Skuldastaða heimila, fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkisins hefur versnað verulega og ljóst þykir að lífskjör muni enn versna á komandi árum verði ekkert að gert. Fyrir liggur að skera þarf niður á ýmsum sviðum. Af þeim ástæðum er brýn nauðsyn að standa vörð um velferðarþjónustuna. Þá verður að tryggja að hrapaleg mistök stjórnvalda liðinna ára, í skjóli kenninga um frelsi og eftirlitsleysi með fjármála-, atvinnu- og efnahagslífinu, endurtaki sig ekki.

Efla þarf vitund um viðskiptasiðferði í því augnamiði að byggja upp trúnað og traust í samfélaginu. Margar stofnanir og fyrirtæki hafa þurft að draga verulega saman í rekstri, eða hætta starfsemi, sem leitt hefur til uppsagna starfsmanna með tilheyrandi afleiðingum. Eitt af meginmarkmiðum íslenskra stjórnvalda og atvinnulífsins á næstu árum og áratugum er að byggja upp efnahagslegt og lífvænlegt rekstrarumhverfi.

Við enduruppbyggingu efnahags- og atvinnulífsins þarf að taka til

rækilegrar endurskoðunar þá peningamálastefnu sem hér hefur verið við lýði á síðustu árum. Ríkjandi peningamálastefna sem byggir á verðbólguþróun Seðlabanka Íslands hefur leitt til gríðarlega hárra vaxta með tilheyrandi kostnaði fyrir stofnanir, fyrirtæki og heimili. Óstöðugleiki í gengismálum veldur verulegum vandræðum á flestum sviðum þjóðfélagsins og því leggur þing BSRB mikla áherslu á að leitað verði allra leiða til tryggja gengisstöðugleika.

Vegna slæmrar skuldastöðu íslenskra heimila hefur efnahagsshrunið komið mjög illa niður á þeim. Viðvarandi verðbólga og gengisþróun hefur leitt til hækkandi höfuðstóls lána á sama tíma og kaupmáttur launa hefur minnkað verulega. Margar fjölskyldur standa nú ráðþrota frammi fyrir sífelldum hækkandi afborgunum af lánunum og sjá ekki fyrir endann á fjárhagsvandræðum sínum. Þau úrræði sem nú eru í boði af hálfu stjórnvalda henta einungis hluta heimila. Stjórnvöld verða að grípa til markvissra aðgerða til að taka á vanda heimilanna – styrkja kaupmátt launa og stuðla jafnframt að sem víðtækastri sátt í samfélaginu.

Stefnt skal að því að endurskoða vísitölubindingu lána með það að markmiði að afnema hana í áföngum. •

42. þing BSRB

leggur til eftirfarandi áherslur í efnahagsmálum

- ▶ Endurskoða þarf regluverk um fjármálastarfsemi.
- ▶ Styrkja þarf eftirlitsstofnanir ríkisins.
- ▶ Stofnanir sem starfa í almannáþjónustu skulu vera í almannaeign og ekki hlutafélagavæddar.
- ▶ Efla þarf samstarf meðal íslenskra og erlendra fjármálaeftirlitsstofnana.
- ▶ Taka þarf peningamálastefnu Seðlabanka Íslands til endurskoðunar.
- ▶ Stuðla þarf að bættu viðskiptasiðferði í efnahagslífinu.
- ▶ Stórnvöld grípa til markvissra aðgerða til að taka á vanda heimilanna og stuðla jafnframt að sátt í samfélaginu.





Atvinnumál

Alyktanir 42. þings BSRB • 21.–23. október 2009

Ísland er ríkt af auðlindum sem nýta þarf á hagkvæman hátt við uppbyggingu efnahagslífsins. Mikilvægt er að standa vörð um þær og sjá til þess að arður af þeim skili sér til landsmanna. Vistvæn nýting framleiðsluþátta og sjálfbær þróun er forsenda þess að hægt verði að byggja upp hagsæld til framtíðar. Mikilvægi endurnýtanlegrar orku á borð við jarðvarma og vatnsafl fer stöðugt vaxandi. Þá hefur sjávarútvegurinn lengi verið veigamesta undirstaða efnahagslífsins og svo er enn. Mikilvægt er að tryggja hagkvæma nýtingu auðlinda hafsins og þarfnast fyrirkomulag nýtingarréttarins endurskoðunar.

Mikilvægi íslensks landbúnaðar kom berlega í ljós við efnahagshrunið. Má segja að búseta á Íslandi byggir á þessari atvinnugrein þar sem hún tryggir matvælaöryggi í landinu. Þing BSRB leggur ríka áherslu á að styrkja þurfi rekstrargrundvöll landbúnaðarins.

Traustur grundvöllur hefur verið lagður að fjölbreyttri atvinnustarfsemi með aukinni menntun. Þess vegna er mikilvægt að stuðla að nýsköpun og hlúa að vaxtarsprotum. Vaxandi atvinnugreinar á borð við ferðaþjónustu, upplýsingatækni og líftækni skapa mörg störf og eru nær undantekningarlaust gjaldeyrisskapandi. Til að góðar hugmyndir verði að veruleika verður að tryggja fjármögnun þeirra. Með fjölbreyttu atvinnulífi og raunverulegri gjaldeyrissköpun fyrirtækja má draga úr líkum á stórfelldum örðugleikum í atvinnulífinu.

42. Þing BSRB

leggur til eftirfarandi áherslur í atvinnumálum

- ▶ Tryggja þarf að aukin greiðslubyrði hins opinbera á næstu árum bitni ekki á grunnþjónustu í samfélaginu. Almannaþjónustan er mikilvægur hluti af atvinnulífinu og skilar samfélaginu miklum arði. Niðurskurður er því skammgóður vermir, hann er kostnaðarsamur og mun þar á ofan leiða til aukins atvinnuleysis.
- ▶ Bæta verður fjárhagslega stöðu fólks sem kýs að fara af vinnumarkaði í frekara nám. Þá þarf að styrkja menntakerfið sérstaklega á meðan niðursveiflan í efnahagslífinu varir.
- ▶ Gæta verður að því að langtíma atvinnuleysi nái ekki að festa rætur.
- ▶ Huga verður sérstaklega að málefnum vaxandi atvinnugreina, sem og að styðja við bakið á nýsköpunarfyrirtækjum til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu.
- ▶ Stuðla þarf að sjálfbærri nýtingu auðlindanna og tryggja að þær verði nýttar í þágu almennings.
- ▶ Styrkja þarf rekstrargrundvöll landbúnaðarins og stuðla að nýliðun innan greinarinnar. Gefa þarf bændum ráðrúm til að laga sig að breyttu umhverfi og bæta verður kjör þeirra.
- ▶ Málefnum sjávarútvegsins, aðalútflutningsgreinar þjóðarinnar, verður að sinna með markvissum hætti.
- ▶ Hvatt er til innkaupa á íslenskum afurðum til að tryggja íslenska framleiðslu og atvinnu.
- ▶ Tryggja þarf að íslensk framleiðsla njóti bestu kjara á orkuverði.
- ▶ Auka þarf fjölbreytni atvinnulífsins.
- ▶ Hraðað verði sem kostur er gjaldeyrisskapandi framkvæmdum.
- ▶ Áhersla verði lögð á að styrkja menningartengda atvinnustarfsemi.
- ▶ Tryggja þarf með ákvæði í stjórnarskrá að allar auðlindir verði í almannaeigu.

Lítið traust er á íslensku efnahags- og atvinnulífi og hefur það komið harkalega niður á fjölda fyrirtækja. Endurreisa þarf traust á efnahags- og atvinnulífinu og skapa heilbrigða atvinnustarfsemi og lífvænlegt rekstrarumhverfi. Koma verður á stöðugleika í efnahagslífinu, lækka vexti og aflétta höftum í gjaldeyrismálum. Þá er ljóst að mörg fyrirtæki standa illa vegna afleitra rekstrarskilyrða og mikilla skulda. Fjöldi fyrirtækja hefur þegar orðið gjaldþrota vegna þessa eða dregið verulega saman í rekstri. Aðstoða þarf þjóðhagslega hagkvæm fyrirtæki sem standa illa svo að flýta megi fyrir efnahagslegum bata.

Alvarlega staða hefur verið í atvinnumálum frá því að efnahagskreppan skall á og hefur atvinnuleysi ekki verið meira frá því að skipuleg skráning hófst. Til skamms tíma var það vart mælanlegt hér – þvert á móti hefur eitt megineinkenni hagkerfisins verið umfram eftirspurn eftir vinnuafli. Atvinnuleysi jókst á einu ári úr 1% í rúmlega 9% þegar verst lét. Nauðsynlegt er að bregðast skjótt við með markvissum úrræðum í atvinnu- og menntamálum. Samkvæmt nýlegum tölum frá Vinnumálastofnun hefur stærstur hluti þeirra sem nú eru skráðir atvinnulausir ekki lokið framhaldsnámi. Þar af er stór hluti þeirra undir þrjátíu ára aldri. Hvetja þarf þennan hóp til frekara náms til að draga úr hættu á búferlaflutningum frá landinu og einnig til að koma í veg fyrir að langtíma atvinnuleysi nái að skjóta rótum. Með aukinni menntun styrkir fólk stöðu sína á vinnumarkaði. Stór hluti þeirra sem skráðir eru atvinnulausir sjá hins vegar ekki fram á að hafa efni á að stunda nám vegna fjárhagsörðugleika.

Í kjölfar efnahagshrunsins jukust skuldir hins opinbera stórlega og líkur eru á því að draga þurfi úr umsvifum þess á næstu árum. Fara verður mjög varlega í niðurskurð í opinberum rekstri til að hamla gegn auknu atvinnuleysi og verja grunnþjónustu samfélagsins. Öflug opinber almannaþjónusta hefur aldrei verið eins mikilvæg og nú. Þar starfa þúsundir í skólum, félags- og heilbrigðisþjónstu, konur í miklum meirihluta, svo dæmi séu nefnd. Það gleymist oft að líta á almannaþjónustuna sem mikilvægan hlekk í atvinnulífinu sem skilar þjóðfélaginu miklum arði. Þess vegna þarf að snúa dæminu við og efla hana í stað þess að veikja. •



Kjaramál

Alyktanir 42. þings BSRB • 21.–23. október 2009

Slæmt ástand ríkir nú á vinnumarkaði og er atvinnustig óviðunandi. Ljóst er að við þær aðstæður þarf að stuðla að efnahagslegum stöðugleika svo sóknarfæri gefist til aukins kaupmáttar. Stöðugleikasáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins er ætlað að skapa forsendur fyrir endurreisn samfélagsins. Hins vegar hefur dregist að hrinda í framkvæmd ýmsum ákvæðum sem þar er kveðið á um. Krafist er að stjórnvöld standi við sinn hluta samkomulagsins.

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur staða margra versnað verulega sökum atvinnumissis og fjárhagserfiðleika. Brýnt er að gripið sé til ráðstafana sem fyrst svo vandi fólks verði ekki óviðráðanlegur. Verja skal kaupmátt almenns launafólks en hann hefur rýrnað mikið á síðustu mánuðum. Stefna ber að kjarajöfnuði því mikill mismunur er enn fyrir hendi þrátt fyrir að dregið hafi úr ofurlaunum í samfélaginu. Mikilvægt skref í þá átt er að eyða kynbundnum launamun og greiða sömu laun fyrir sambærilega vinnu.

Í sameiginlegri framkvæmdaáætlun ríkisins og BSRB frá júní síðastliðnum sem fylgdi með samkomulagi ríkisstjórnarinnar og bandalagsins er kveðið á um að gerð verði heildarúttekt á starfsháttum vinnustaða með vaktavinnufyrirkomulag. Lítið hefur gerst í þeim málum þrátt fyrir að áður hafi verið kveðið á um endurskoðun á stöðu vaktavinnufólks í kjarasamningum. BSRB krefst þess að vinna við þetta ákvæði hefjist nú þegar og leiði til bættra kjara og betri aðbúnaðar vaktavinnufólks.

Flýta þarf endurskoðun á samspili almannatrygginga og greiðslna úr lífeyrissjóðum þar sem hækkun greiðslna frá öðrum leiðir til skerðinga hjá

hinum. Frítækjumörk eru ólík fyrir mismunandi tegundir tekna en þyrftu að vera þau sömu.

Mikil fjölgun öryrkja á undanförunum árum er til marks um vaxandi hörku á vinnumarkaði. Þessu verður að sporna gegn og nýta þau úrræði sem fyrir hendi eru til að einstaklingar geti stundað vinnu þrátt fyrir skerta starfsorku og bæta aðstöðu og aðgengi vinnustaða í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland undirritaði 30. mars 2007.

BSRB telur mikilvægt að trúnaðarmenn séu ekki á nokkurn hátt látnir gjalda þess að þeim hefur verið falið að gegna trúnaðarstörfum. Þá þarf að leggja aukna áherslu á fræðslu trúnaðarmanna og að réttur þeirra til fjarvista frá vinnu vegna fræðslufunda og námskeiða skerðist ekki þegar þeir sækja trúnaðarmannafræðslu BSRB og Félagsmálaskóla alþýðu. •

42. þing BSRB

leggur til eftirfarandi áherslur í kjaramálum

- ▶ Efna skal stöðugleikasáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.
- ▶ Verja skal kaupmátt almenns launafólks og atvinnu og draga úr atvinnuleysi.
- ▶ Eyða skal kynbundnum launamun.
- ▶ Gera þarf úttekt á vinnuumhverfi vaktavinnufólks.
- ▶ Flýta þarf endurskoðun á samspili bóta almannatrygginga og lífeyrissjóða og draga þarf úr tekjutengingum í lífeyrisbótakerfinu.
- ▶ Efla þarf fræðslu trúnaðarmanna og gæta þarf þess að réttur þeirra vegna fræðsluöflunar í þágu stéttarféлага verði aukinn.
- ▶ Virtur verði réttur trúnaðarmanna samkvæmt lögum og þeir verði ekki látnir gjalda þess á nokkurn hátt að hafa valist til trúnaðarstarfa.
- ▶ Stytta ber vinnuvikuna í dagvinnu í 36 stundir.
- ▶ Réttur til launa vegna veikinda nánustu fjölskyldu skal vera 15 dagar.



Umhverfismál

Alyktanir 42. þings BSRB • 21.–23. október 2009

Umhverfisvernd og sjálfbær nýting auðlinda þarf að njóta öflugs stuðnings stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að náttúruvernd verði hafin til vegs og virðingar og staða hennar eflid. Tryggja þarf að markmið um sjálfbæra nýtingu auðlinda verði höfð að leiðarljósi í ákvörðunum stjórnvalda. Í þeirri uppbyggingu sem nú á sér stað í samfélaginu er mjög mikilvægt að litið sé á umhverfis- og náttúruvernd sem forsendu farsællar samfélagsþróunar. Ekki er einungis hægt að tryggja framgang umhverfisverndar með kröfugerð á hendur ríki og sveitarfélögum. Virk þátttaka einstaklinga, stofnana og fyrirtækja er ekki siður mikilvæg.

Þörf er á sameiginlegu átaki einstaklinga, ríkis og sveitarfélaga til að ná raunverulegum árangri í notkun almenningsamgangna. Þær þarf að stórefla á höfuðborgarsvæðinu og víðar til að draga úr notkun einkabíla. Í þeim efnum verður ríkisvaldið að styðja sveitarfélögin.

Tryggja þarf rétt borgaranna til að búa í umhverfi sem er viðunandi fyrir heilsu og almenna velferð þeirra. Þá er mikilvægt að einstaklingar hugi að endurskoðun á neysluvenjum sínum og verðmætamati.

Þing BSRB skorar á ríki og sveitarfélög að styðja og vinna í anda hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, vistvænnar hugsunar og stuðla þannig að efnahagslegri, félagslegri og vistfræðilegri velferð. Náttúruauðlindir skulu vera sameign þjóðarinnar og þær ber að nýta í þágu allra. •

42. þing BSRB

leggur til eftirfarandi áherslur í umhverfismálum

- ▶ Að BSRB leggi áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda.
- ▶ Að BSRB beiti sér fyrir því að ríkisfyrirtæki og stofnanir aðlagi sig að sjálfbærri þróun og vistvænni hugsun.
- ▶ Að BSRB beini því til ríkis og sveitarfélaga að þau sjái til þess að íbúar hafi aðgang að góðum almenningsamgöngum.
- ▶ Að einstaklingar hugi að endurskoðun á neysluvenjum sínum og verðmætamati með umhverfisvernd að leiðarljósi.

Innri mál BSRB

Alyktanir 42. þings BSRB • 21.–23. október 2009

BSRB eru heildarsamtök 27 stéttarféлага starfsmanna sem vinna við almannaþjónustu. Hlutverk bandalagsins er að bera fram og vinna að hagsmunamálum meðlima aðildarfélaganna gagnvart atvinnurekendum, íslensku samfélagi og á alþjóðlegum vettvangi. BSRB sinnir fræðslumálum, réttindamálum félagsmanna allra aðildarfélaganna og mótar sameiginlega stefnu þeirra út á við.

Samningsrétturinn er hjá einstökum aðildarfélögum. Það er því þeirra að móta og ákveða stefnu í samningum um kaup og kjör. Þeim er hins vegar í sjálfsvald sett að leita eftir samstarfi og samstöðu með öðrum félögum. Þá geta félögin farið í samningaviðræður undir merkjum BSRB eins og raunin var í samningunum 2008.

BSRB sem heildarsamtök semja um sameiginleg réttindamál félagsmanna s.s. veikindarétt, tryggingar, orlof, lífeyrisréttindi, framlög til styrktarsjóða og starfsmenntunar.

Eitt af vandamálum stéttarféлага, jafnt á almennum sem opinberum vinnumarkaði, er lítil þátttaka og áhugaleysi ungs fólks á starfi félaganna. Í BSRB eru um 28% félagsmanna undir 35 ára aldri en þátttaka þeirra í starfi félaganna er lítil. Við þessu þarf að bregðast. •

42. þing BSRB

leggur til eftirfarandi áherslur í innri málum BSRB

- ▶ Leitast verði við að efla þátttöku ungra félagsmanna innan aðildarfélaganna. Verði það gert með fræðslu, myndun umræðu- og aðgerðahópa og hvatningu til félaganna um að finna ungam stað í stjórnum þeirra. Vinna þarf upplýsingaefni fyrir ungt fólk um réttindi og skyldur á vinnumarkaði þar sem mikilvægi verkalyðshreyfingarinnar kemur fram. Tekið verði til umræðu skipulag samtakanna. Mótaðar verði hugmyndir um æskilegar skipulagsbreytingar og þjónustu bandalagsins við aðildarfélögin.
- ▶ Stofnaðir verði sérstakir málefnaþópar til að vinna að stefnu BSRB í helstu málaflokkum. Málefnaþóparnir leggi fram tillögur fyrir aðalfund BSRB 2011 til nánari umfjöllunar. Stefnan verði svo lögð fyrir 43. þing BSRB árið 2012 til afgreiðslu.

FRAMTÍÐ

byggð á jöfnuði, atvinnu, velferð og réttlæti

Jafnréttismál

Alyktanir 42. þings BSRB • 21.–23. október 2009

Eitt af hlutverkum BSRB er að gæta þess og fylgja því eftir að gætt sé að mannréttindum. Hugtakið felur í sér að allir eiga rétt á að njóta mannréttinda án mismununar, eins og til að mynda vegna kynferðis, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, aldurs, trúar, tungumáls, búsetu, stjórnmalaskoðana, þjóðernis, félagslegrar stöðu, fötlunar eða efnahags. BSRB skal standa vörð um að allir atvinnurekendur fylgi eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það felur m.a. í sér að komið verði á jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum þjóðfélagsins og staðinn vörður um það. Bandalagið á að tryggja að allir félagsmenn þess búi við jafnrétti á vinnumarkaði.

Skyldur BSRB í baráttunni fyrir jafnrétti eiga að vera hvort tveggja í senn; inn á við sem út á við. Starfsemi aðildarfélaga BSRB og skrifstofa bandalagsins skal endurspeglar að unnið sé í samræmi við jafnréttislög. Konur eru um 70% félagsmanna BSRB. Þrátt fyrir að fjöldi kvenna í stjórnnum og nefndum innan félaga hafi aukist á síðastliðnum þremur árum eru kynjahlutföllin enn ójöfn.

Launajafnrétti

Fyrir 36 árum voru sett lög til að tryggja konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Fyrir 33 árum voru sett lög til að tryggja konum og körlum jafna stöðu og jafnan rétt á öllum sviðum. Þrátt fyrir þessi lagaákvæði er verulegur kynbundinn launamunur enn fyrir hendi. Samkvæmt nýjustu

42. þing BSRB

leggur til eftirfarandi áherslur í jafnréttismálum

- ▶ BSRB skal auka fræðslu og kynningu á ákvæðum jafnréttis laga.
- ▶ BSRB skal hrinda af stað átaki til að auka hlut karla í allri jafnréttisumræðu.
- ▶ Vinna þarf markvisst að viðhorfsbreytingum í samfélaginu og eftirfylgni á þeim til að knýja fram launajafnrétti.
- ▶ BSRB geri reglulega heildarrannsóknir á kynbundnum launamun opinberra starfsmanna. Þá verði sérstaklega rannsakað hvort munurinn dreifist jafnt yfir landið.
- ▶ Uppræta þarf launamismun milli svokallaðra karla- og kvennastétta. Í flestum tilvikum eru svonefnd kvennastörf minna metin og útkoman er lægri laun, borið saman við karla.
- ▶ Tryggja þarf sömu laun fyrir jafn verðmæt störf.
- ▶ BSRB skal með virku aðhaldi vinna gegn launaleynd og kynbundnum launamun.
- ▶ Standa þarf vörð um að ráðningar í störf séu ávallt í samræmi við jafnréttislög.
- ▶ Gera þarf sérstakt átak í forvörnum gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni. Varast þarf þöggun í samfélaginu um þessi málefni.
- ▶ Efla skal umræðu um kynbundið ofbeldi og stuðla að því að markviss úrræði séu til staðar.
- ▶ Áfram verður að vinna að fjölskylduvænni vinnumenningu. Lykillinn að henni er fyrirsjáanlegur, styttri vinnutími og sveigjanlegri.
- ▶ Vinna verður að jafnrétti í innra starfi samtakanna hvort sem um er að ræða við stefnumótun, þátttöku í nefndum, stjórnnum og ráðum. Greina þarf lykiltölur eftir kynjum á öllum helstu sviðum í starfsemi bandalagsins og aðildarfélaganna. Ávallt séu fyrir hendi haldbærar upplýsingar til stuðnings við stefnumótun og ákvarðanatöku.
- ▶ Þrýsta skal á setningu sérstakrar löggjafar um bann við mismunun byggða á EES-tilskipununum sama efnis, annars vegar tilskipun ESB um jafna meðhöndlun án tillits til kynþáttar eða uppruna (2000/43/ESB) og hins vegar tilskipun ESB um jafnræði í atvinnulífi og starfi (2000/78/ESB).



rannsókn frá september 2008 (Félagsvísindastofnun HÍ) sem tekur til kynbundins launamunar á íslenskum vinnumarkaði er óútskýrður kynbundinn launamunur á heildarlaunum um 16% á vinnumarkaðnum í heild. Aðrar kannanir benda í svipaða átt. Þar eru konur með um 22% lægri laun en karlar. Einnig hefur komið í ljós að kynbundinn launamunur dreifist ekki jafnt yfir landið og er mun meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Kynbundin og kynferðisleg áreitni

Samkvæmt jafnréttislögum hvílir sú skylda á atvinnurekendum að gera sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að starfsfólkeða skjólstæðingar verði fyrir kynferðislegri eða kynbundinni áreitni á vinnustað. Mál af þessu tagi eru enn algeng og þörf er á sérstöku átaki á þessu sviði. •



Mansal

Ályktanir 42. þings BSRB • 21.–23. október 2009

Mansal hefur verið að aukast á Íslandi sem og annars staðar. Reynslan annars staðar í Evrópu sýnir að verslun með fólk sem notað er við landbúnaðarstörf, í byggingavinnu og heimilisstörf eins og til dæmis „au pair“ verður sífellt útbreiddari. Fólk er einnig notað til líffærasölu og nauðungarvinnu og börn er notuð til að betla og í kynferðislegum tilgangi. Til þess að stöðva þessa þróun er þörf á þekkingu og skilningi á nýjum tegundum skipulegrar refsiverðrar misnotkunar á fólki. Svæðisbundið og alþjóðlegt samstarf stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka er nauðsynlegt. Til þess að ná árangri eru markvissar, samþættar og samræmdar aðgerðir gegn mansali á alþjóðavettvangi nauðsynlegar. BSRB leggur áherslu á að leggja þessu málefni lið og reyna að koma í veg fyrir mansal með því að vera upplýst í þessu sambandi. •



Opinber almannaþjónusta

Alyktanir 42. þings BSRB • 21.–23. október 2009

Almannaþjónusta á samfélagslegum grunni er birtingarmynd lýðræðisins og einn af hornsteinum þess. Ástæða þessa er að hún er öllum opin, óháð efnahag og kostuð af sameiginlegum sjóðum. Hún hefur hagsmuni almennings að leiðarljósi – öfugt við einkarekna þjónustu sem tekur mið af arðsemi.

Kreppan er eins og kunnugt er dýpri hérlendis en í flestum öðrum löndum. Efnahagshrunið má rekja til aukinnar markaðs- og einkavæðingar og minna eftirlits opinberra stofnana með atvinnurekstri, einkum í fjármála- og viðskiptalífinu. Allt eru þetta þættir sem BSRB hefur itrekað varað við á undangengnum árum. Samhliða þessu voru settar hömlur á hlutverk hins opinbera og dregið úr áhrifum þess í efnahagslífinu. Um leið var gerð atlega að almannaþjónustunni víða um hinn vestræna heim.

BSRB krefst þess að opinber almannaþjónusta gegni lykilhlutverki í uppbyggingu samfélagsins. Reynslan sýnir að manneskjulegt þjóðfélag verður ekki reist nema á gildum samstarfs, samvinnu og jöfnuðar, gildum sem verkalýðshreyfingin hefur haldið á lofti frá öndverðu.

Tvennt er einkum nauðsynlegt til að verja almannaþjónustuna og efla. Í fyrsta lagi verður að verja störfin í þeim niðurskurði sem hafinn er. Þing BSRB mótmælir þeim áformum sem birtast í stöðugleikasáttmálanum þar sem aðaláhersla er á uppbyggingu hefðbundinna karlastarfa á meðan verið er að skera niður á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála þar sem kvennastörf eru í meirihluta. Í öðru lagi þarf að tryggja að lagarammi

almannaþjónustunnar sé nægilega traustur til að veita henni vernd gegn markaðsvæðingu. BSRB telur nauðsynlegt að stjórnvöld láti gera heildstæða könnun á því að hvaða marki almannaþjónustan hefur verið markaðsvædd. Er þá átt við aðgerðir svo sem einkavæðingu, úthýsingu og einkaframkvæmdir og hvernig markaðsvæðing af þessu tagi kann að ógna sjálfstæði stjórnvalda til að reka almannaþjónustuna á þann hátt sem þau telja hagkvæmasta. Aðildarviðræður um inngöngu í ESB og hugsanleg innganga Íslands í sambandið yta undir að framangreind athugun hefjist hið fyrsta.

BSRB leggur til að sett verði rammalöggjöf um opinbera almannaþjónustu. Þing bandalagsins beinir því til forystu BSRB og ríkisstjórnar Íslands að móta sameiginlega drög að lagafrumvarpi sem lagt verði fyrir Alþingi á haustþingi 2009.

BSRB mótmælir kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) þess efnis að skilyrði fyrir lánveitingum sjóðsins sé að jafnvægi verði náð í ríkisfjármálum á næstu þremur árum. Telur bandalagið kröfuna aðför að almannaþjónustunni og velferðarþjóðfélaginu. Óbætanlegt tjón mun hljótast af niðurskurði velferðarsamfélagsins. BSRB krefst þess að skilyrðin verði endurskoðuð og ekki gengið svo hart fram að skaði hljótist af.

Opinn og jafn aðgangur allra að heilbrigðiskerfi óháð greiðslugetu er forsenda þess að tryggja megi grundvallarrétt til heilbrigðis. Slíkan aðgangur er ekki hægt að tryggja nema að heilbrigðisþjónustan sé í höndum hins opinbera sem skipuleggur, stýrir og fjármagnar hana á grunni jafnréttis og samstöðu. Þjónustuna þarf með öðrum orðum að skipuleggja þannig að þarfir allra landsmanna séu hafðar í huga en ekki miðað við greiðslugetu. BSRB mótmælir því gjaldtöku í tengslum við heilbrigðisþjónustu.

BSRB hvetur stjórnvöld til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að verja heilbrigðiskerfi landsmanna á þeim tímum efnahagslegra þrenginga sem nú blasa við. Leita verður allra leiða til að niðurskurður eða aðrar breytingar á kerfinu valdi ekki óafturkræfu tjóni á hinni opinberu heilbrigðisþjónustu og skipulagningu hennar. Mikilvægt er að fyrir liggja skipulagt áhættumat þar sem fram kemur hver verði langtímaáhrif niðurskurðar og samdráttar af því tagi sem stefnt er að.

Reynslan sýnir að heilbrigðisþjónusta sem rekin er fyrir sameiginlegt fé landsmanna er fjárhagslega hagkvæmasta leiðin og um leið sú sem tryggir öllum aðgang að þjónustunni.

BSRB leggst eindregið gegn hvers kyns hugmyndum um markaðsvæðingu eða einkavæðingu heilbrigðiskerfisins sem byggja á hagnaðarsjónarmiðum.



Sá grunnur og þeir efnahagslegu hvatar sem einkarekstur byggja á munu grafa undan sameiginlegu heilbrigðiskerfi landsmanna. BSRB varar við áhrifum þjónustutilskipunar ESB sem nú er verið að innleiða í íslensk lög en henni fylgir aukin hættu á markaðsvæðingu heilbrigðiskerfisins.

BSRB varar enn fremur við áhrifum fyrirbyggjandi tilskipunar framkvæmdastjórnar ESB um rétt sjúklinga til að sækja heilbrigðisþjónustu yfir landamæri. Sú tilskipun mun að óbreyttu grafa undan möguleikum heilbrigðisyfirvalda til að skipuleggja íslenska heilbrigðisþjónustu til lengri tíma. Henni fylgir jafnframt innbyggð mismunur milli þegna Evrópuríkja til að nýta sér hugsanleg jákvæð ákvæði tilskipunarinnar, auk annarra ágalla.

BSRB krefst þess að sú mismunur sem viðgengst milli einstaklinga vegna eðlis og uppruna sjúkdóma þeirra, raskana og kvilla verði leiðrétt. Sem dæmi má nefna augn-, heyrn, munnhols- og tannsjúkdóma.

BSRB leggur til að tannheilsa barna og það sem henni fylgir falli undir almenna heilbrigðisþjónustu. •

Nýsköpun í almannaðjónustu

BSRB vill stuðla að samhæfðri stefnumótun í samstarfi við ríki og sveitarfélög um nýsköpun í opinberri þjónustu. Markmið samhæfðrar stefnumótunar er að standa vörð um velferðarkerfið með því að nýta betur uppsafnaða þekkingu og reynslu starfsmanna til að treysta skilvirkni í efnahag og fjársýslu. Með nýsköpun vill BSRB tryggja atvinnugæði og öryggi, skilvirkni, gæði, þjónustusvörðun, lýðræðislega ábyrgðarskyldu, háleitari siðferðisgildi og jafna möguleika. •



Félagsmál

Alyktanir 42. þings BSRB • 21.–23. október 2009

Skuldastaða heimilanna hefur verið áhyggjuefni um langt árabil. Þegar árið 2004 birti BSRB skýrslu þar sem fram kom að skuldir íslenskra heimila væru mun hærrí en tíðkast í öðrum löndum og full ástæða til að takast á við það vandamál. Skömmu síðar gerðist það að aðgengi almennings að lánsfjármagni jókst verulega. Afleiðingarnar þekkja allir. Fasteignaverð hækkaði umtalsvert á næstu árum og skuldir margfölduðust. Heimilin voru því mjög illa í stakk búin til að mæta efnahagsáföllum síðustu missera.

Afleiðingar hrunsins fyrir stöðu heimilanna eru ógnvænlegar: Stórfellt atvinnuleysi, rýrnandi kaupmáttur, frosinn fasteignamarkaður og lækkandi verð fasteigna. Samkvæmt gögnum Seðlabanka Íslands er stór hluti heimila með slæma eða neikvæða eiginfjárstöðu. Ljóst er að ef ekkert verður að gert mun fjöldi þeirra aukast hratt.

Frá 1. janúar 2008 hafa gengistryggð lán hækkað um rúmlega 92% m.v. gengisvísitölu og verðtryggð lán um tæplega 25%. Þessi þróun kallar á róttækar almennar aðgerðir ef sættir eiga að nást í samfélaginu. Mikilvægt er að heimilunum verði bættur þessi skaði. BSRB leggur til að gripið verði til almennra aðgerða til að koma til móts við lántakendur með það að markmiði að lækka greiðslubyrði heimilanna. Á það jafnt við um verðtryggð lán og gengistryggð. Þá leggur þingið til að gengistryggð lán verði leiðrétt þannig að höfuðstóll miðist við gengisvísitölu í janúar 2008 og þeim breytt í verðtryggð lán. Endurskoða þarf vísitöluútreikninga þannig að hann taki

42. þing BSRB

leggur til eftirfarandi áherslur í félagsmálum

- ▶ BSRB leggur til að gripið verði til almennra aðgerða til að koma til móts við lántakendur með það að markmiði að lækka greiðslubyrði heimilanna.
- ▶ Mikilvægt er að tenging lána við vísitölu neysluverðs verði afnumin í náninni framtíð.
- ▶ Tryggður verði grundvöllur Íbúðalánasjóðs sem lánveitanda í eigu ríkisins.
- ▶ Tekið verði tillit til vaxandi þarfa á almennum húsaleigumarkaði.
- ▶ Landsmenn búi við stöðugt hagkerfi og áreiðanlegan gjaldmiðil.



mið af neysluvenjum eftir efnahagshrunið til að þau viðmið séu marktæk. Þá telur BSRB mikilvægt að skattahækkunar hafi ekki áhrif á neysluvisitöluna. Framtíðarsýn BSRB er að landsmenn búi við stöðugan gjaldmiðil. 42. þing BSRB krefst þess að Alþingi finni lausn á greiðsluvanda heimilanna og að settur verði lagarammi sem eykur ábyrgð lánveitanda og kemur í veg fyrir skuldsetningu umfram upphaflega veðsetningu. Þing BSRB telur á þessum válegu tímum sé lifsspursmál að setja ný lög um gjaldþrot og lúkningu skulda í því skyni að auka rétt lántakanda.

Pörf er á árangursríkum sértækum aðgerðum fyrir þá sem verst eru staddir. Í því sambandi má nefna að 1. nóvember nk. mun frysting uppboða á fasteignum falla úr gildi. Mikilvægt er að frystingin verði framlengd svo að heimilum gefist áfram tækifæri til að leysa úr skuldavanda sínum samhliða aðgerðum ríkisins þeim til aðstoðar.

Íbúðalánasjóður hefur um langt árabil verið mikilvæg stoð við einstaklinga við íbúðakaup. Með lánveitingum stuðlar sjóðurinn að því að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum, óháð búsetu. Mikilvægt er að tryggja grundvöll sjóðsins og að hann verði áfram í eigu ríkisins enda hefur hann margsannað gildi sitt.

Þingið bendir á að nú standa auðar um 2000 fullbúnar íbúðir á höfuðborgarsvæðinu og um 900 íbúðir í byggingu, fyrir utan húsnæði í samskonar ástandi víða um landið. Hætt er við að lánin af byggingu þessa húsnæðis falli með einum eða öðrum hætti á ríkið. Því er lag að mynda nú loks almennan húsaleigumarkað í landinu sem yrði til mikilla hagsbóta fyrir alþýðu manna. Skorar 42. þing BSRB á stjórnvöld að leggjast á árarar í þessum efnunum.

Í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins frá júní síðastliðnum er lögð áhersla á að vinna að tillögum um það hvernig bæta megi stöðu skuldsettra heimila. Jafnframt er þar lögð áhersla á stöðugleika á vinnumarkaði til að eyða óvissu og skapa skilyrði til endurreisnar. Mikilvægt er að stöðugleikasáttmálinn verði ekki misnotaður til launajöfnunar niður á við. •





Fræðslumál

Alyktanir 42. þings BSRB • 21.- 23. október 2009

Aldrei er eins mikilvægt að standa vörð um menntun þjóðarinnar en á tímum efnahagslegra hremminga eins og þjóðin stendur frammi fyrir nú. Í menntuninni felast tækifæri til að þjóðin vinni sig út úr erfiðleikum og byggji hér upp kröftugt og skapandi samfélag. Ríki og sveitarfélög verða því að fara varlega í sakirnar í að skera niður framlög til menntakerfisins. Sparnaðurinn má síst af öllu bitna á þeim sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda við námið. Samtímis þarf að gera þá kröfu að fjármunum sem veitt er í þennan málaflokk sé ráðstafað skynsamlega og að ítrasta aðhalds sé gætt af skólayfirvöldum. Stofnun nýrra einkarekinna skólastofnana sem sækja fjármagn til opinberra aðila á tímum niðurskurðar hjá almenna skólakerfinu samræmist ekki skynsamri nýtingu á því takmarkaða fjármagni sem fyrir hendi er.

BSRB lítur á það sem grundvallar mannréttindi að allir landsmenn eigi jafnan rétt til náms. Bandalagið leggst því alfarið gegn því að skólagjöld séu lögð á í opinberum námsstofnunum til að mæta efnahagsþrengingunum.

BSRB bendir á mikilvægi þess að sí- og endurmenntun verði eflað. Ein alvarlegasta afleiðing hrunsins er langtíma atvinnuleysi. Sí- og endurmenntun gegnir mikilvægu hlutverki í að endurhæfa fólk svo það geti leitað á ný mið á vinnumarkaðnum. Símenntunarmiðstöðvar um allt land hafa gegnt mikilvægu hlutverki við að færa aukna menntun til launafólks og eftir hrunið hefur starf þeirra skilað fjölmörgum aftur út á vinnumarkaðinn. Fjármunum sem veitt er til þessa starfs er því mjög vel varið. •

42. þing BSRB

leggur til eftirfarandi áherslur í fræðslumálum

- ▶ Að skólastarf sé lagað að þörfum allra og að nám verði einstaklingsmiðað eins og námskrá grunnskóla kveður á um.
- ▶ Að skólamáltíðir verði gjaldfrjálssar í grunnskólum.
- ▶ Að aukin áhersla verði lögð á fræðslu og forvarnir gegn vímuefnum.
- ▶ Mikilvægt er að unnið sé gegn ofbeldi á öllum sviðum innan skólakerfisins og að stuðlað sé að góðum samskiptum og virðingu gagnvart meðborgurunum.
- ▶ Að raunfærni einstaklingsins verði metin til formlegs náms.
- ▶ Að leitað verði leiða til að koma til móts við ungt fólk sem rekst illa á í hinu hefðbundna skólakerfi.
- ▶ BSRB verði í fararbroddi við gerð fræðsluefnis fyrir ungt fólk um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.





Lífeyrismál

Alyktanir 42. þings BSRB • 21.–23. október 2009

Lífeyriskerfi Íslendinga hefur lengi þótt standa á sterkum grunni en kerfið byggir á þremur stöðum: Opinberu almannatryggingakerfi, atvinnutengdum lífeyrissjóðum með skylduáðild og fullri sjóðsöfnun og frjálsum lífeyrissparnaði. Styrkur íslenska kerfisins felst að stórum hluta í sjóðsöfnun en með því er átt við að eignir eru lagðar fyrir jafnóðum og réttinda er aflað til greiðslu lífeyris síðar. Á þann hátt hefur launafólk byggt upp sjóði sem hafa ávaxtast frá því greiðslur hófust og ætlað er að koma á mótis við tekjumissi þegar aldurinn færir yfir.

Í kjölfar efnahagshrunsins og falls íslensku bankanna var ljóst að lífeyrissjóðir myndu tapa verulegu fé enda urðu hlutabréf þeirra í bönkunum verðlaus auk þess sem færa þurfti niður mikið af skuldabréfum bankanna. Þá hefur fall krónunnar og mikil verðbólga haft mjög slæm áhrif á fyrirtæki landsins og þar með fjárfestingar lífeyrissjóðanna. Er talið að raunávöxtun sjóðanna á milli árunna 2007 og 2008 hafi verið neikvæð um 21,8%.

Þrátt fyrir verulegt fjárhagslegt tap sjóðanna á milli þessara ára ber að lita til þess að launafólk sem leggur fé sitt í lífeyrissjóði er að fjárfesta til lengri tíma eða allt frá því það kemur inn á vinnumarkað og þar til það hverfur af vinnumarkaði vegna aldurs. Ef litið er til meðal raunávöxtunar til lengri tíma hefur hún verið jákvæð um 2,5% síðastliðin 5 ár og um 3,0% ef litið er til síðustu 10 ára. Það er því ljóst að þrátt fyrir tap sjóðanna á milli árunna 2007 og 2008 standa lífeyrissjóðir landsmanna almennt vel.

Í kjölfar efnahagshrunsins og slæmrar stöðu heimila er nú til skoðunar

að lífeyrissjóðir komi að stærri nýframkvæmdum á afmörkuðum sviðum innan almannajónustunnar ásamt ríki og sveitarfélögum. Þá eru uppi hugmyndir um að stofnaður verði sérstakur fjárfestingasjóður Íslands með þátttöku lífeyrissjóða til að hraða uppbyggingu efnahagslífsins og bæta stöðu fyrirtækja og heimila. Verkefni af þessum toga geta haft mjög jákvæð áhrif á efnahags- og atvinnulífið en ljóst er að ef af verður er eðlileg krafa að hagur sjóðfélaga sé ávallt hafður í fyrirrúmi enda er meginmarkmið sjóðanna að tryggja lífeyri sjóðfélaga sinna. Forsenda þess að lífeyrissjóðir komi að uppbyggingu einstakra verkefna er að gagnsæi og sátt ríki um þau og að það fjármagn sem sett verði í þau skili sér að fullu til baka með raunhæfri ávöxtun. •

42. þing BSRB

leggur til eftirfarandi áherslur í lífeyrismálum

- ▶ BSRB áréttar að lífeyrissjóðir eru til að tryggja lífeyri sjóðfélaga.
- ▶ BSRB styður þær hugmyndir að lífeyrissjóðir taki þátt í eflingu atvinnulífs með þátttöku í stærri framkvæmdum í almannajónustu - en þá með bakábyrgð ríkisins þannig að ávöxtun sé tryggð.
- ▶ Ef kemur til stofnunar sérstaks fjárfestingarsjóðs Íslands er það skilyrðislaus krafa að gagnsæi og sátt ríki um þau verkefni sem sjóðurinn fjárfestir í og að það fjármagn sem sett verði í þau skili sér að fullu til baka með raunhæfri ávöxtun.
- ▶ Haft verði að leiðarljósi að jafnræðis verði gætt í karla- og kvennastörfum þegar til ákvörðunar á fjárfestingarverkefnum kemur.





Alþjóðamál

Vægi alþjóðlegs samstarfs verkalýðshreyfingarinnar hefur aldrei verið mikilvægara en nú. Í ríkjandi fjármálakreppu stendur heimurinn og þar með verkalýðshreyfingin á krossgötum. Með hruni hinnar óheftu markaðshyggju hafa skapast ný sóknarfæri fyrir verkalýðshreyfinguna til að hrinda í framkvæmd hugsjónum sínum um réttlátara þjóðfélag, byggt á jöfnuði og samstöðu. Þetta tækifæri verður að grípa – að öðrum kosti getur svo farið að nýfrjálshyggjunnunni muni takast að eflast á ný.

Mikilvægt er að efla enn frekar samstarf við systursamtök BSRB á Norðurlöndum, við Evrópusamband starfsfólks í almannaðjónustu (EPSU) og á alþjóðavísu innan PSI. Leggja ber áherslu á miðlun upplýsinga um þessi samskipti. Þá hvetur BSRB til samstöðu og samvinnu við óháð félög og almennasamtök sem láta til sín taka á vettvangi mannréttindamála og almannahagsmuna.

Í ljósi fyrirhugaðra aðildarviðræðna um inngöngu Íslands í Evrópusambandið (ESB) hvetur þing BSRB stjórnvöld til að tryggja lagaramma almannaðjónustunnar. Mikilvægt er að hann verði nægilega traustur til að veita vernd gegn markaðsvæðingu og einnig að hugað sé að því hvernig verja megi rétt íslenskra stjórnvalda til að haga og skilgreina opinbera almannaðjónustu.

BSRB tekur undir þá niðurstöðu áttunda þings Evrópusambands starfsfólks í almannaðjónustu (EPSU) sem haldið var í júní sl. að öflug almannaðjónusta sé lykillinn að því að þjóðir Evrópu komist undan

afleiðingum kreppunnar með sem minnstum skaða. Auknar fjárfestingar í almannajónustu, sem og í verkefnum á vegum hins opinbera, koma öllum vel, styrkja efnahagslífið, draga úr misrétti og ýta á eftirspurn eftir vinnuafli. BSRB tekur undir þá gagnrýni EPSU að framkvæmdastjórn ESB hafi ekki tekið mið af þessum sjónarmiðum. BSRB styður því kröfu EPSU að stofnanir ESB endurskoði afstöðu sína til hlutverks opinberrar þjónustu við enduruppbyggingu evrópsks efnahagslífs.

Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld leggi sitt af mörkum til aðstoðar fátækum þjóðum. Visast þar ekki eingöngu til beinnar þróunaraðstoðar. Stuðla þarf að breytingum á hinu alþjóðlega efnahagskerfi og móta nýtt sem tekur ekki markaðslausnir fram yfir grundvallarmannréttindi og öfluga almannajónustu. Efla ber samstarf opinberra aðila landa á milli, t.d. í málefnum vatnsveitna. BSRB beinir því til stjórnvalda að kanna þá möguleika sem Íslendingar hafa til að veita aðstoð á þeim vettvangi. •

42. Þing BSRB

leggur til eftirfarandi áherslur í alþjóðamálum

- ▶ Að samtök launafólks fylgist grannt með ríkjandi alþjóðavæðingu og vinni að því að beina henni í farveg sem þjónar hagsmunum almennings.
- ▶ Samstarf við systursamtök BSRB verði eftl.
- ▶ Tryggt verði að lagarammi almannajónustunnar sé nægilega traustur til að veita vernd gegn markaðsvæðingu.
- ▶ Stuðla þarf að breytingum á hinu alþjóðlega efnahagskerfi og móta nýtt sem tekur ekki þarfir markaðarins fram yfir grundvallarmannréttindi og öfluga almannajónustu.



Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Ályktanir 42. þings BSRB * 21.– 23. október 2009

BSRB mótmaelir kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) þess efnis að skilyrði fyrir lánveitingum sjóðsins sé að jafnvægi verði náð í ríkisfjármálum á næstu þremur árum. Telur bandalagið kröfuna aðför að almannatjónustunni og velferðarþjóðfélaginu. Óbætanlegt tjón mun hljóta af niðurskurði velferðarsamfélagsins. BSRB krefst þess að skilyrðin verði endurskoðuð og ekki gengið svo hart fram að skaði hljóti af. •

BSRB – Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
Ljósmyndir: Þorleifur Óskarsson
Hönnun og umbrot: Margrét E. Laxness
Prentun: Prentmet



BSRB – Bandalag starfsmanna ríkis og bæja

Grettisgötu 89, 105 Reykjavík

Sími 525 8300 Fax 525 8309

netfang bsrb@bsrb.is

veffang www.bsrb.is